



Akraneskaupstaður
B.t. bæjarráðs
Stillholt 16-18
300 Akranes

Akranes, 16. september. 2020
PHJ

Efni: Grunnforsendur vegna tekju- og gjalda fjárhagsáætlunar 2021

Almennar forsendur

Í samræmi við forsendur fyrir vinnslu fjárheimilda fyrir árið 2021 og fjárhagsáætlunar til þriggja ára, sbr. minnisblað frá Sambandi Íslenskra Sveitarfélaga.

Hagstofu Íslands er falið það verkefni að gera þjóðhagsspá og er fjárlagafrumvarp byggt á sumarspá stofnunarinnar frá 26. júní síðastliðnum. Með sama hætti er ætlast til þess að sveitarfélögin gangi út frá spám hagstofunnar um efnahag þjóðarbúsins í heild við gerð fjárhagsáætlana og geri grein fyrir þeim forsendum sem að stefnumörkunin byggist á eins og segir í 8. gr. laga um opinber fjármál. Í reglugerð um bókhald, fjárhagsáætlanir og ársreikninga sveitarfélaga segir með beinum hætti í 17. gr. að við vinnslu fjárhagsáætlunar skuli sveitarfélög styðjast við þjóðhagsspár Hagstofu Íslands þar sem við á.

Vænt verðbólga

Þjóðhagsspá Hagstofu Íslands, dagsett 26. júní 2020, áætlar að verðbólga ársins 2021 muni mælast 2,4%. Peningamál Seðlabankans, sem var síðast útgefið 26. ágúst 2020, áætlar að verðbólga ársins 2021 muni mælast 2,4%. Greiningardeildir íslensku bankanna spá verðbólgu ársins 2021 á bilinu 2,1% til 2,8%, þ.e. Íslandsbanki 2,1%, Landsbankinn 2,8% og Arion banki 2,5%. Meðaltal spá aðila fyrir árið 2021 nemur 2,4% sem er það sama og Hagstofa Íslands spáir.

Vænt verðbólga í %	2020	2021	2022
Arion banki	2,5%	2,5%	2,3%
Hagstofa Íslands	2,4%	2,4%	2,6%
Íslandsbanki	2,2%	2,1%	2,3%
Landsbankinn	2,7%	2,8%	2,5%
Seðlabankinn	2,6%	2,4%	1,9%
Meðaltal	2,5%	2,4%	2,3%

Launavísitala

Útsvarstekjur ráðast fyrst og fremst af þróun launatekna í sveitarfélaginu og vegur launakostnaður einnig þungt í útgjöldum sveitarfélaga. Hagstofa Íslands gerir ráð fyrir því að launavísitala hækki um 5,8% á árinu 2020 og hækki um 5,6% á árinu 2021.



Akraneskaupstaður

Í þjóðhagsspá Hagstofu Íslands að sumri 2020 er ekki lengur uppgefin áætluð þróun launavísitölu sbr. síðastliðin ár en þess í stað gefa þeir út áætlaðan raun kaupmátt launa. Ef stuðst er við raunkaupmátt launa að viðbætti væntri hækkun vísitölu neysluverðs þá fæst í raun vænt hækkun launavísitölu. Í töflu hér að neðan má sjá vænta þróun á launavísitölu skv. Hagstofu Íslands.

Breyting frá fyrra ári (%)	2018	2019	2020	2021	2022	2023	2024	2025
Vænt þróun raun kaupmátt launa	3,7%	1,8%	3,3%	3,1%	2,7%	1,7%	1,7%	1,7%
Vænt þróun vísitölu neysluverðs	2,7%	3,0%	2,4%	2,4%	2,6%	2,5%	2,5%	2,5%
Vænt þróun launavísitölu, reiknað	6,5%	4,9%	5,8%	5,6%	5,4%	4,2%	4,2%	4,2%

Launaáætlanir fyrir árið 2021 byggir á gögnun frá sviðsstjórum/forstöðumönnum (einingar) og taka þær mið af launabreytingum skv. gildandi kjarasamningum árið 2021.

Lagt er til að forsendur launa, þ.e. 5,6%, verði notaðar við vinnslu launaáætlanna en gert verður ráð fyrir að hluti þeirra hækkanna verði settur í potta á hverju sviði til að mæta veikindum o.þ.h.

Tekjuforsendur

Áætluð íbúafjöldgun

Áætluð fjölgun íbúa í fjárhagsáætlun Akraneskaupstaðar var 1,0% fyrir árið 2020 en var á árunum þar á undan áætluð 0,75% í takt við langtíma meðaltal á Akranesi á síðastliðnum árum en meðalfólksfjöldgun á Akranesi á tímabilinu 2010 til 2017 nemur 0,8%. Meðalfólksfjöldgun á Akranesi á tímabilinu 2010-2018 nam hinsvegar 1,05%.

Mannfjöldaspá Byggðastofnunar fyrir Akranes frá september 2019 gerir ráð fyrir aukningu sem nemur 1,3% á Akranesi en meðaltals fjölgun á Akranesi á tímabilinu 2010 til 2020 nemur 1,20%. Það er þó ástæða til að benda á það að spá hagstofunnar um fólksfjöldgun frá nóvember 2019 gerir ráð fyrir verulegum aðflutningi fólks, umfram brottflutning, fram til ársins 2023 og vísar þar til efnahagsástands og mikillar eftirspurnar eftir vinnuafli.

Þær forsendur kunna að vera úreltar og spáir Hagstofa 1,5% vexti á árunum 2021 til 2022 á landsvísu. Hagstofa Íslands gerir jafnframt ráð fyrir því að brottfluttir verði talsvert umfram aðflutta frá og með árinu 2023 eða sem nemur 2.700 og því er um verulegar sveiflur að ræða. Gera má ráð fyrir uppfærðri mannfjöldaspá frá Byggðastofnun í september 2020 þar sem áætlun síðasta árs kann að hafa breyst umtalsvert.

Húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar gerir ráð fyrir 2,0% fjölgun íbúa að meðaltali á tímabilinu 2020 til 2026. Sú áætlun tók tillit til rýmdar í deiliskipulagi ásamt greiningu á húsnæði sem var þegar í uppbyggingu eða fyrirhugað að væri að fara í uppbyggingu á Akranesi. Húsnæðisáætlun Akraneskaupstaðar var kláruð í byrjun árs 2020, þ.e. fyrir Covid-19, og tók mið af og byggði meðal annars á eftirfarandi forsendum þ.e. „fólksfjöldgun síðustu ára og áframhaldandi



Akraneskaupstaður

uppgangi í atvinnulífinu“. Þær forsendur hafa einfaldlega gjörbreyst frá því að sú skýrsla var unnin og óábyrgt að mati undirritaðs að miða við óbreyttar forsendur hvað það varðar.

Vænt íbúafjölgun hefur áhrif á væntan útsvarsstofn-/tekjuskattsstofn þar sem að væntur fjöldi ársverka ásamt væntri hækkun launavísitölu myndar vænta hækkun á tekjuskatts-/útsvarsstofni sveitarfélagsins. Lagt er til að styðjast við varfærna fólksfjölgun sem nemur 1,1% út frá þeirri efnahagsóvissu sem nú ríkir en sú spá yrði endurskoðað út frá uppfærðri spá Byggðastofnunar.

Útsvarstekjur

Á grundvelli spá Hagstofu Íslands um hækkun launavísitölu og þær forsendur að fjöldi vinnandi fólks á svæðinu, þ.e. Akranesi, haldist óbreyttur þá myndi hækkunin því nema áætlaðri hækkun launa (5,6%) ásamt áætlaðri fjölgun íbúa (1,1%) eða sem nemur 6,7%. Samband sveitarfélaga sendir út nánari áætlun hvað þetta varðar í lok október.

Fasteignaskattur

Að óbreyttu álagningarhlutfalli ætti fasteignaskattar samtals (þ.e. A, B og C) að hækka um 12,3 m.kr. milli ára eða um 2,0% og myndi því nema samtals 618,1 m.kr. á árinu 2021. Önnur leið væri sú að breyta álagningarhlutföllum til að hækkunin myndi nema 2,5% sbr. lífskjarasamninginn og myndi hækkunin því nema samtals um 15,1 m.kr. Þriðja leiðin væri sú að hækka álagningar hlutföllin til að nálgast ákveðna fjárhæð þar sem að álagningar hlutföllin eru að miklu leyti vannýtt m.v. leyfilegt hámark, þar gæti hækkunin numið allt að 524 m.kr.

	Núverandi álagningar hlutföll	Hámarks álagningar hlutföll án álags	Hámark álagningar hlutföll m. Álagi	
Fasteignaskattar				
Fasteignaskattur A	0,2407%	0,5000%	0,6250%	
Fasteignaskattur B	1,3200%	1,3200%	1,3200%	
Fasteignaskattur C	1,4000%	1,3200%	1,6500%	
	Áætlaðar fjárhæðir á árinu 2021 m.v.			
	Núverandi hlutföll	Hámarks hlutfall án álags	Hámark hlutföll með álagi	Áætluð fjárhæð árið 2020
Fasteignaskattur A	294.483.736	611.723.378	764.654.970	294.703.053
Fasteignaskattur B	92.969.250	92.969.250	92.969.250	91.176.888
Fasteignaskattur C	230.683.803	217.501.869	271.877.358	219.949.581
	618.136.789	922.194.497	1.129.501.578	605.829.522
Breyting frá 2020 í %	2,0%	52,2%	86,4%	
Breyting frá 2020 í kr.	12.307.267	316.364.975	523.672.056	



Akraneskaupstaður

Gjöld

Lagt er til að almennt hækki gjöld um 2,5% sem er í takt við vænta hækkun vísitölu neysluverðs sem áætluð er 2,4% en talsverð óvissa er um eðli málsins samkvæmt. Sú hækkun samræmist einnig lífskjarasamningnum sem tilgreinir um 2,5% hámarkshækkun. Hafa ber í huga að ef að gjaldskrár eru almennt hækkaðar um 2,5% og verðbólga verður hærri en það á tímabilinu þá er í raun um raunlækkun á verðskrá að ræða þar sem að verðbólga yrði hærri en almenn hækkun á gjaldskrá.

Í sumum gjaldaliðum er varðar þjónustukaup þar sem að vinnuliður er stór hluti af reikningnum er nær lagi að áætla kostnaðaraukningu í samræmi við áætlaða hækkun launa fremur en hækkun í samræmi við áætlaða verðbólgu. Slíkir gjaldaliðir verða hækkaðir á bilinu 2,5% til 5,6% eða eftir vægi launaliðar í slíkum þjónustukaupum.

Annar rekstur

Áætluð hækkun milli ára nemur 2,5% nema að annað sé tekið fram.

Afskriftir

Upplýsingar um afskriftir koma út úr eignakerfi bókhalds.

Fyrir hönd Akraneskaupstaðar,


Þorgeir Halsteinn Jónsson
Fjármálastjóri
